



MINNISBLAÐ

TIL: STJÓRNAR SSH.

FRÁ: VERKEFNAHÓPI UM UPPBYGGINGU OG REKSTUR Á
SKÍÐASVÆÐUNUM.

EFNI: UPPBYGGING Á SKÍÐASVÆÐUNUM.

DAGS: 30.NÓVEMBER 2020.

TRÚNAÐARMÁL

Á fundi stjórnar SSH nr 511 frá 2. nóvember 2020 var verkefnahópnum falið að vinna málið áfram, fara yfir og skoða hvaða möguleikar liggja fyrir í núverandi stöðu og leggja fyrir stjórn SSH að nýju. Yrði sú leið skoðuð að leita leiða til samningskaupa á lyftum eða bjóða aðra hvora eða báðar lyfturnar út aftur.

Vinna hópsins hefur snúið að eftirfarandi liðum á síðustu fundum verkefnahópsins:

- 1) RFI könnun var unnin (sjá minnisblað frá VSÓ) til að draga fram möguleg tækifæri til þess að endurskilgreina verkefnið með lægri kostnaði. Sú könnun leiðir í ljós að ekki eru stór atriði sem talin eru geta lækkað kostnað varðandi lyftur. Verið er nú að vinna sambærilega könnun vegna búnaðar til snjóframleiðslu.
- 2) Skv. ráðgjöf frá innkaupaskrifstofu eru samningskaup ekki fær, en fært er að fara í samkeppnisútboð án undangenginnar útboðsauglýsingar. Í því felst eftirfarandi:
 - Fyrst yrði send tilkynning til allra bjóðenda sem tóku þátt í útboði nr. 14347 um kaup á skíðalyftum, þar sem þeim yrði tilkynnt um ákvörðun kaupanda um að hefja umrætt ferli og að eingöngu þeir sem standast kröfur um hæfi yrði boðin þátttaka.
 - Strax í kjölfarið yrði farið yfir hvort allir bjóðendur uppfylltu hæfiskröfur og myndi innkaupaskrifstofa kalla eftir frekari gögnum sé þess þörf.
 - Þegar mat á hæfi væri lokið þá yrði öllum bjóðendum sem uppfylla hæfiskröfur formlega boðin þátttaka í samkeppnisútboði og yrðu þeim jafnframt send uppfærð útboðsgögn.

- Kaupandi getur í uppfærðum útboðsgögnum áskilið sér rétt til hafna öllum tilboðum á grundvelli tiltekinna forsendna.
- Almennt er miðað við 30 daga tilboðsfrest en í þessu ferli er heimilt að semja um styttri frest, sbr. 7. mgr. 59. gr. laga 120/2016.
- Bjóðendur myndu skila inn nýju uppfærðu tilboði.
 - Kaupandi gæti tekið hagkvæmasta gilda tilboði og gert samning á grundvelli þess.
 - Kaupandi gæti ákveðið að hefja viðræður ef það er eitthvað í tilboðinu sem ekki er ljóst eða þarfnast viðræðna.
 - Viðræður myndu hefjast – umræðupunktarnir yrðu að vera skýrir og markvissir og í samræmi við 4 mgr. 36. gr. laga um opinber innkaup. Öllum bjóðendum yrði boðið að taka þátt og viðræður yrðu við einn í einu.
 - Kaupandi myndi bæta útboðsgögnin með viðaukum eftir þörfum.
 - Bjóðendur myndu uppfæra tilboðin sín eftir þörfum
 - Kaupandi myndi tilkynna að viðræðum sé lokið. (30 daga tilboðsfrestur en heimilt að semja um annað sbr. 7. mgr. 59. gr. laga 120/2016)
 - Bjóðendur myndu skila inn nýjum uppfærðum tilboðum.
 - Kaupandi gæti tekið hagkvæmasta gilda tilboði og gert samning á grundvelli þess.

3) Aðlöguð sviðsmynd

Verkefnhópurinn leggur fram meðfylgjandi sviðsmynd (**fylgiskjal 1**) vegna framkvæmda á skíðasvæðunum.

Skv. henni yrði tímabilið framkvæmdanna lengt til 2026 en byrjað yrði á samkeppnisútböð á lyftubúnaði sem færi fram á upphafsmánuðum 2021. Það þýðir að fjárframlag sveitarfélaganna á árunum 2020 og 2021 yrðu mun lægra en áætlað hefur verið en hlutfallslega hærra eftir því sem fram líður.

Næstu skref:

- a) Kynning stjórn SSH 30.nóvember 2020.
- b) Kynning í skíðanefnd sveitarfélaganna 2. desember 2020.
- c) Endanleg tillaga frá stjórn SSH til sveitarfélaganna 7. desember 2020.
- d) Kynningar í borgar- og bæjarráðum á höfuðborgarsvæðinu. Borin upp tillaga um nýja sviðsmynd verkefnisins og heimild til stjórnar SSH til þess að taka ákvarðanir á grunni nýrrar sviðsmyndar.
- e) Samkeppniskaup á lyftum hefjast í upphafi árs 2021 ef sveitarfélögin verða sammála um að vinna verkefnið áfram skv. fyrirliggjandi sviðsmynd.

Tilfaga Verkefnahóps	2018 m.kr	2019 m.kr	2020 m.kr	2021 m.kr	2022 m.kr	2023 m.kr	2024 m.kr	2025 m.kr	2026 m.kr	Samtals m.kr
A Undirbúningur framkvæmda	32	10	14							56
B Snjóframleiðsla							575	470		575 470
1. áfangi: Bláfrjöll										
2. áfangi Skálafell										
C Skíðalyftur										
Bláfrjöll					470	500	500			1.470
Ný drottning					390					1.190
Nýr Gosi				800						800
Eldborgargili 1)								155		395
Kerlingadalur, toglyfta										160
Skálafell					200					200
Endurnýjuð stólaþyfra 1)						510				510
SAMTALS	32	10	14	800	1.060	1.010	1.075	625	555	5.181

Fyrirliggjandi Samþykktir frá 2020

ÁR	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
	32	10	769	920	1029	742,2	286	370	0	4158,2

% munur á
rauntölum vs
samþykktum
24,6%

Greiðsludreifing á sv.fél.

	2018 Mkr.	2019 Mkr.	2020 Mkr.	2021 Mkr.	2022 Mkr.	2023 Mkr.	2024 Mkr.	2025 Mkr.	2026 Mkr.	Samtals Mkr.
56,3% Reykjavík	18,0	5,6	7,9	450,4	596,8	568,6	605,2	351,9	312,5	2.916,9
16,3% Kópavogur	5,2	1,6	2,3	130,4	172,8	164,6	175,2	101,9	90,5	844,5
12,9% Hafnarfjörður	4,1	1,3	1,8	103,2	136,7	130,3	138,7	80,6	71,6	668,3
7,3% Garðabær	2,3	0,7	1,0	58,4	77,4	73,7	78,5	45,6	40,5	378,2
5,2% Mostellsbær	1,7	0,5	0,7	41,6	55,1	52,5	55,9	32,5	28,9	269,4
2,0% Seljarnarnes	0,6	0,2	0,3	16,0	21,2	20,2	21,5	12,5	11,1	103,6
SAMTALS	32,0	10,0	14,0	800,0	1.060,0	1.010,0	1.075,0	625,0	555,0	5.181,0

Breytingar pr sv.fél á ári frá samþykktum

Ár	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Reykjavík	Mkr. -425	Mkr. -68	Mkr. 17	Mkr. 151	Mkr. 444	Mkr. 144	Mkr. 312
Kópavogur	-123	-20	5	44	129	42	90
Hafnarfjörður	-97	-15	4	35	102	33	72
Garðabær	-55	-9	2	20	58	19	41
Mostellsbær	-39	-6	2	14	41	13	29
Seljarnarnes	-15	-2	1	5	16	5	11
Samtals	-755	-120	31	268	789	255	555